

Föstudaginn 12. marz 1971.

Nr. 32/1971. **Valdstjórnin**
 gegn
Þorsteini Þórði Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærú 8. marz 1971, sem barst Hæstarétti 9. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. marz 1971.

Ár 1971, mánudaginn 8. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 7. þ. m. var framið innbrot að Suðurlandsbraut 12 hér í borg. Var brotizt inn hjá fimm fyrirtækjum þar í húsinu og stolið ca. 15 rafmagnsrakvélum, 2 Carmen tækjum, myndavél og 2 til 3 þúsund krónum í peningum.

Á innbrotstað fundust merki þess, að Þorsteinn Þórður Sigurðsson, Kaplaskjólsvégi 54 hér í borg, hefði verið þar á ferð. Hefur Þorsteinn Þórður verið handtekinn, en neitar sakargiftum. Þýfið er ófundið.

Í þágu rannsóknar málsins, sem er á frumstigi, þykir nauðsyn til bera með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða Þorstein Þórð Sigurðsson í gæzluvarðhald, svo að hann spilli ekki sakargögnum með óskertu frelsi, en samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 getur brot það, sem hann er grunaður um, varðað fangelsisrefsingu, og eru því samkvæmt 65.

gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til að beita gæzluvarðhaldi.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Ályktarorð:

Þorsteinn Þórður Sigurðsson skal sæta gæzluvarðhaldi allt að 30 dögum.

Mánudaginn 15. marz 1971.

Nr. 28/1971. Sjúkrasamlag Reykjavíkur
gegn
Rannsóknardeild ríkisskattstjóra.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann
Snævarr.

Kærumál. Um upplýsingaskyldu samkvæmt skattalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. febrúar 1971. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og hann sýknaður af kröfum varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 25. febrúar 1971, en greinargerð varnaraðilja hinn 5. marz 1971. Kært var innan lögmæltis frests.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.